

Verkmenntaskólinn á Akureyri



Innra mat í VMA skólaárið 2014-2015 Áætlun um innra mat í VMA 2015-2017

Kennslu- og áfangamat

Haustönn 2014

Vorönn 2015

Verkmenntaskólinn á Akureyri
Október 2015

Inngangur

Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA) starfar skv. lögum um framhaldsskóla [nr. 92/2008](#) en þar er m.a. kveðið á um hvernig innra mati skuli háttað í framhaldsskólum landsins. Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er m.a. að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Einnig er markmiðið að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla, að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Jafnframt að tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (40. gr.). Kveðið er á um að hver framhaldsskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á og birti opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur (41. gr.). Tilgangur þessarar skýrslu er að halda til haga á einum stað öllum gögnum er varða innra mat skólans fyrir skólaárið 2014-2015 eins og lög gera ráð fyrir.

Innra mat í VMA og ISO 9001 gæðakerfi

Grunnhugsunin á bak við gæðakerfi er að unnið sé að stöðugum umbótum á allri starfsemi skólans. Það er ein af forsendum framþróunar að menn hugi stöðugt að endurbótum innan þeirrar starfsemi sem fyrirtækið eða stofnunin vinnur eftir. ISO-9001 gæðakerfið var á sínum tíma hannað fyrir fyriræki sem framleiða einhverja vöru til viðskiptavina. Með gæðakerfi er verið að lýsa hvernig skóli starfar og tryggja að unnið sé eftir þeim vinnureglum sem þar eru settar. Mikil vinna hefur farið í að yfirfæra verkfæri gæðastaðla og gæðakerfisins yfir í nám, kennslu og þjónustu við nemendur og starfsfólk í skólanum. Vorið 2010 fékk VMA ISO-9001 vottun á alla kennslu í dagskólanum og unnið hefur verið að því að laga fjarnámskennslu að gæðakerfið síðustu þrjú ár. Þeirri vinnu er ekki að fullu lokið. Gæðakerfi af þessu tagi einkennast af því að stofnunin skilgreinir markmið sín með skólastarfinu og lýsir því síðan með t.d. verklagsreglum, starfslýsingum, skilgreiningum o.fl. hvernig staðið skuli að verki í þeim tilgangi að ná þeim gæðamarkmiðum sem stofnunin hefur sett sér. Kerfi af þessu tagi felur síðan óhjákvæmilega í sér reglubundið mat á starfi stofnunarinnar, á því hvort vinnan er í samræmi við skráðar verklagsreglur og hvort ástæða sé til þess að gera breytingar af einhverju tagi til þess að auka gæði þess starfs sem unnið er í skólnum. Þetta ferli er stöðugt endurbætt og tekið út tvisvar á ári af ytri

vottunaraðila sem er *Vottun hf.* Jafnframt eru kennarar sem framkvæma svokallað innra mat á hverju skólaári sem tryggir að hver einasta verklagsregla sé rýnd.

Einnig er það mikilvægur hluti gæðakerfisins að allir geti komið á framfæri ábendingum og kvörtunum sem fara inn í ákveðið ferli og unnið er með samkvæmt verklagsreglum. Þetta ábendinga- og kvörtunarferli hafa nemendur, kennarar og annað starfsfólk nýtt sér til að koma á framfæri þáttum sem hægt er að bæta í starfi skólans.

Ástæða þess að skólinn er með ISO-9001 vottun er sú að hann þarf að vinna eftir alþjóðasamþykktum frá [International Maritime Organisation \(IMO\)](#), sem Ísland og þar með skólinn er aðili að. Þessar samþykktir gera kröfu um að nám vélstjóra sé aðeins kennt í skólum með vottað gæðakerfi þannig að vélstjórar geti fengið alþjóðleg réttindi.

Mat á skólastarfinu samkvæmt gæðakerfinu fer fram með sama hætti og innra mat hlýtur alltaf að gera. Upplýsingum um framkvæmd er safnað, gögnin eru rýnd af til þess skipuðum aðilum og athugað hvort framkvæmd er í samræmi við samþykkt verklag og tillögur um viðbrögð eru lagðar fram þar sem þess er þörf. Að þessu starfi kemur stór hluti starfsmanna með einum eða öðrum hætti en stjórnendur, fag- og brautarstjórar, verkefnastjóri gæðamála og starfsmenn sem ráðnir eru til að sinna innra eftirliti gegna lykilhlutverkum

Innihald gæðakerfis skólans er í [Gæðahandbók](#) sem er opin öllum í gegnum heimasíðu skólans. Áætlun um innra mat skólans er sett upp á hverju skólaári og fylgt eftir af gæðaráði.

Kennslu- og áfangamat

Á hverri önn fer fram kennslumat þar sem kennarar fá niðurstöður um stöðu sína og nemendur fá tækifæri til að láta í ljós skoðun sína á kennaranum og þeirri kennslu sem hann fær í einstaka áföngum í skólanum.

Tilgangur áfanga- og kennslukannanna er að kanna hvernig til hafi tekist í áfanganum og í skólastarfinu með það að markmiði að bæta það sem betur má fara. Allir kennarar fá eigin niðurstöður úr kennslukönnunum senda í tölvupósti og eru niðurstöður hvers kennara ræddar í starfsmannaviðtali við skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Hvert fag/braut fær niðurstöðu deildar/brautar sem rædd er á fag-/brautarfundum og er fundagerð skilað til skólameistara. Þá fer gæðaráð skólans yfir heildarniðurstöður kennslukönnunar hverrar annar.

Fag- og brautarstjórar ásamt öðrum stjórnendum hafa forgöngu um að nýta niðurstöður

kannanna til að bæta faglegt starf innan skólans og tryggja þannig að nemendur fái þá kennslu sem lagt er upp með innihaldi áfanga og nýttar séu þær kennsluáferðir sem best hæfa námi nemenda.

Kennslukannanir eru gerðar á hverri önn og er 1/3 af áföngum skólans inni í hverri könnun. Því þarf samanlagt meðaltal 3ja anna til að fá meðaltal skólans.

Heildar niðurstöður kennslumats eru birtar á [heimasíðu skólans](#) og eru niðurstöður jafnframt birtar í skýrslu gæðastjóra fyrir hverja önn.

Kennslukönnun á haustönn 2014 fór fram í nóvember. Nemendur í þeim áföngum sem voru í úrtaki voru spurðir út í kennara, kennslu og áfangann. Kennarar og áfangar á eftirfarandi brautum/fögum voru í úrtakinu: íþróttagreinar, enska, vélstjórn, bifvélavirkjun, háriðn og málmiðn.

Könnunin var unnin í gegnum könnunarforritið SurveyMonkey og fengu nemendur tölvupóst frá aðstoðarskólameistara með slóð á könnunina. Alls voru sendar út 1786 kannanir og fengust 627 svör eða rúmlega 35.1% svörun sem er mun minni svörun en áður. Farið var inn í ákveðna hópa og nemendur beðnir að svara könnuninni í tölvustofu og ítrekunarpóstur var sendur út í lok nóvember. Það er ljóst að reka verður meira á eftir nemendum með að svara könnuninni. Alls var spurt um 27 kennara og 77 áfanga.

Gæðamarkmið VMA sem mæld eru í kennslukönnunum

Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 85% nemenda svari spurningunni *Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi* með því að svara *frekar sammála* eða *mjög sammála*.

Í kennslukönnun í VMA á **haustönn 2014** svara **80,6%** nemenda spurningunni *Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi* með því að svara *frekar sammála* eða *mjög sammála*.

Meðaltal haustannar 2013 (**84.8%**), vorannar 2014 (**89.8%**) og nú haustannar 2014 **80.6%**. Meðaltal þessarra þriggja anna er **85.1%** þannig að gæðamarkmið VMA við þessari spurningu rétt nást.

Í lok haustannar var lögð fyrir sérstök könnun í NSK (náms- og starfskynning hjá nemendum á almennri braut). Alls voru 71 nemandi skráður í NSK og voru 62 sem svöruðu könnuninni, eða 87% nemenda í áfanganum. Niðurstöðurnar sýna að nemendureru almennt mjög ánægðir með áfangann. Könnunin er birt á heimasíðu skólans og eru niðurstöður nýttar til frekari þróunar á áfanganum. Niðurstöðurnar fylgja einnig með þessari skýrslu.

Kennslukönnun á vorönn 2015 fór fram í apríl. Nemendur í þeim áföngum sem voru í úrtaki voru spurðir út í kennara, kennslu og áfangann. Áfangar og kennarar á eftirfarandi brautum/fögum voru í úrtakinu: íslenska, rafiðngreinar, matvælabraut, danska, spænska, þýska, hjúkrunargreinar og raungreinar. Könnunin var unnin í gegnum könnunarforritið SurveyMonkey og fengu nemendur tölvupóst frá aðstoðarskólameistara með slóð á könnunina. Alls voru sendar út 2089 kannanir og fengust 1192 svör eða rúmlega 57% svörun sem er mun betri svörun en undanfarnar annir. Farið var farið í stofur til að biðja nemendur að svara könnuninni og farið með þeim í tölvustofu þar sem nemendur svöruðu könnuninni. Þessi eftirrekstur virðist vera nauðsynlegur til að fá betri svörun.

Ítrekunarpóstur hafði áður verið sendur út. Alls var spurt um 34 kennara og 86 áfanga.

Í **gæðamarkmiðum skólans** er tveimur spurningum úr kennslukönnun svarað. Þær eru: *Ég er ánægður með kennsluna í áfanganum* og *Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi*. Alls telja 88.9% nemenda aðstöðu til náms og kennslubúnað viðunandi með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Í markmiðum er gert ráð fyrir að 85% nemenda svari frekar sammála eða mjög sammála. Þessi þáttur kemur því út með betri árangri en sett er fram í markmiðum.

Meðaltal vorannar 2014 89,8%, haustannar 2014 80.6% og nú á vorönn 2015 92.6%.

Meðaltal þessarar þriggja anna er **87.6%** þannig að gæðamarkmið VMA við þessari spurningu nást.

Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 75% nemenda svari spurningunni *Á heildina á lítið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum* með því að svara frekar sammála eða mjög sammála.

Í kennslukönnun á **vorönn 2015** svara **88.9%** nemenda spurningunni *Á heildina á lítið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum* með því að svara *frekar sammála* eða *mjög sammála*.

Meðaltal vorannar 2014 var 87,2%, haustannar 2014 88,2% og nú vorannar 2015 við þessari spurningu er **88%** þannig að gæðamarkmið er lúta að þessari spurningu nást miðað við meðaltal síðustu þriggja anna.

Þjónustu- og starfsmannakannanir

Samkvæmt áætlun um innra mat eru gerðar þjónustukannanir annað hvert ár þar sem nemendur eru spurðir um aðra þjónustu en kennslu í áföngum og um skólastarfið sem heild. Jafnframt eru gerðar starfsmannakannanir annað hvert ár þar sem starfsmenn eru

spurðir um líðan í starfi, stjórnun innan stofnunarinnar og fleira er lýtur að starfsmönnum skólans. Í áætlun um innra mat átti að vera starfsmanakönnun á haustönn 2012 og þjónustukönnun til nemenda vorið 2013. Þjónustukönnun fyrir nemendur var frestað til haustannar 2013 og var lögð fram í lok september 2013 en starfsmannakönnun fór fram síðast á haustönn 2012. Niðurstöður starfsmannakönnunar fylgdu með sjálfsmatskýrslu fyrir skólaárið 2012-2013 en þær má jafnframt sjá á heimasíðu skólans. Enn og aftur þurfti að fresta því að leggja fyrir starfsmannakönnun og ræðst það af anna í kringum nýja námsskrá sem stjórnendur hafa unnið að á skólaárinu ásamt kennurum. Stefnt er að því að leggja fyrir starfsmannakönnun á haustönn 2015.

Í nóvember 2013 var lögð fyrir nemendur **þjónustukönnun** þar sem spurt var um ýmsa þætti í skólastarfinu aðra en kennslu er snúa að t.d. þjónustu, aðstöðu og líðan nemenda. Allir nemendur í dagskóla (1121) fengu tölvupóst þar sem þeim var boðið að taka þátt í könnuninni sem var gerð í gegnum SurveyMonkey. Alls 342 nemendur svöruðu könnuninni sem er rétt rúmlega 30% svörun. Viðhorf nemenda til þjónustu skólans er mikilvægt innlegg í þróun skólastarfsins og er það er sameiginlegt verkefni nemenda, kennara og stjórnenda VMA að stuðla að þróun og umbótum í skólanum. Niðurstöður könnunar eru innlegg í þá þróun og umbætur sem unnið er að og samkvæmt gæðakerfi skólans.

Niðurstöður könnunarinnar voru ræddar á fundum stjórnenda og hefur skólameistari forgöngu um að nýta þær til að stuðla að bættu námsumhverfi. Niðurstöðurnar eru birtar á heimasíðu skólans og farið var yfir þær á starfsmannafundi á vorönn 2014. Þær hafa einnig verið ræddar við starfsmenn Lostætis sem þjónustar mötuneyti skólans. Nokkrar breytingar voru gerðar á spurningalistanum frá síðustu könnun, sértaklega varðandi mötuneytið og bætt var við spurningum er snúa að líðan nemenda í skólanum.

Tvær spurningar í könnuninni eru tengdar gæðamarkmiðum skólans. Fyrri spurningin er; *Í skólanum líður mér vel* en þar er leitast við að 90% nemenda svari alltaf eða oftast. Á haustönninni 2013 svöruðu **87,3%** nemenda að þeim liði alltaf eða oftast vel í skólanum. Þessi þáttur kemur því verr út en sett er fram í markmiðum skólans. Í samanburði við fyrri kannanir sést að niðurstaðan nú er aðeins betri en árið 2011 þegar hún var 85% en árið 2009 var hún 83%. Frá vorinu 2011 hefur skólasálfræðingur starfað við skólann.

Önnur spurning sem tengd er gæðamarkmiðum skólans er: *Ég tel að námið í VMA undirbúi mig vel fyrir frekara nám eða starf*. Leitast er við að 90% nemenda svari mjög sammála eða frekar sammála. Haustið 2013 svöruðu 76.4% nemenda að þeir teldu að VMA myndi undirbúa þá vel fyrir frekara nám eða starf. Þetta kemur því verr út en sett er

fram í markmiðum. Í samanburði við kannanir frá 2009 (83%) og 2011 (83%) er niðurstaðan lakari nú og ástæða til að skoða betur þennan þátt í næstu þjónustukönnun. Á vorönn 2016 er stefnt að því að leggja fyrir þjónustukönnun fyrir nemendur.

Á skólaárinu var gerð þjónustukönnun á meðal nemenda á heimavist VMA og MA. Helstu markmið rannsóknarinnar voru að kanna ánægju og/eða óánægju íbúa með búsetu sína innan heimavistarinnar auk þeirrar þjónustu sem þar er í boði, ásamt því viðmóti sem íbúum birtist af hálfu starfsmanna heimavistarinnar. Þar að auki var leitast við að kanna líðan og sjálfsmat ungs fólks í tengslum við búsetu sína á heimavist. Til þess var send út spurningakönnun til allra íbúa heimavistarinnar í gegnum tölvupóst. Könnuninni var skipt í tvo hluta, annars vegar þjónustukönnun og hinsvegar sjálfsmatskvarða Rosenberg sem mælir sjálfsálit. Niðurstöður leiddu í ljós að íbúar heimavistarinnar eru almennt séð ánægðir með þjónustu og aðbúnað heimavistarinnar. Hvað varðar sjálfsálit mældist það lægra meðal einstaklinga undir 18 ára aldri borið saman við þá sem eru eldri, drengir voru að öllu jöfnu með hærra sjálfsálit en stúlkur. Niðurstöður rannsóknarinnar teljast mikilvægar að því leyti að ánægja með þjónustu og líðan innan heimavistarinnar er nauðsynleg til að einstaklingar haldist í skóla, gangi vel í námi og séu með heilbriggt sjálfsálit. Könnunin var hluti af lokaverkefni nemenda í kennaranámi í Háskólanum á Akureyri.

Innri úttektir

Innri úttektir fara fram á hverri önn en úttektum fyrir árið 2014 er ekki að fullu lokið. Ákveðið var að fresta úttekt á tveimur verklagsreglum um hönnun og umbót áfanga og hönnun og umbót námsbrauta þar sem mikil vinna er í gangi við nýjar áfangalýsingar og námsbrautir. Úttektin á þessum reglum mun fara fram í haustið 2015. Úttekt á VKL-307 Prófhald er ekki lokið þegar þessi skýrsla er skrifuð. Alls voru úttektirnar 13 með samtals 34 verkferlum. Yfirlit yfir athugasemdirnar má sjá í skýrslu gæðastjóra fyrir vorönn 2015.

Ytri úttekt - Vottun

Kjartan J. Kárason starfsmaður Vottunar ehf. gerði úttekt á verkferlum þann 19. nóvember 2014 og 6. maí 2015. Skýrslu vegna athugasemda úr þessum úttektum má sjá í gæðaskýrslum. Engar alvarlegar athugasemdir voru gerðar í þessum úttektum og hafa þær athugasemdir sem komu fram nú verið settar í vinnslu.

Námsárangur

Í skýrslu gæðastjóra má sjá þau gæðamarkmið sem skólinn setur sér um nokkra þætti í skólasterfinu. Áfangstjórar halda utan um ýmis gögn er varða gæðamarkmiðin m.a. ástundun og námsárangur. Á vorönn 2015 var meðaleinkunn í áföngum 6,74 og á haustönn 2014 6,78 sem er svipað og síðustu annir. Meðaleinkunn hefur farið hækkandi frá árinu 2005 og væri forvitnilegt að rýna betur í ástæður þess. Gæðakerfið var tekið í notkun árið 2005 og þá hefur námsmat orðið fjölbreyttara á síðustu árum sem gefur nemendum aukin tækifæri til að sýna hvað í þeim býr á annan hátt en eingöngu stór lokapróf gefa tækifæri til. Gæðamarkmið skólans eru að meðaltalseinkunn áfanga sé 6,5 þannig að gæðamarkmið um meðaleinkunn hefur náðst.

Fallprósentan á vorönn 2015 var 11,9% og á haustönn 2014 10,4%. Fallprósenta á báðum önnnum er aðeins hærrí miðað við gæðamarkmið skólans sem eru 10%. Gæðamarkmiðum er því ekki náð í þessum þætti. Fall nemenda í áföngum er viðfangsefni sem allir innan skólasamfélagsins þurfa að takast á við og með ritun á nýrri skólanámsskrá á skólaárinu 2014-2015 fór fram mat á námsmati almennt í skólanum. Á vorönn 2015 lauk vinnu við nýjar námsmatsreglur í VMA og voru þær reglur innleiddar í dagskóla frá og með haustinu 2015.

Mætingar og brottfall

Ástundun og mætingar nemenda voru slakari en undanfarnar annir eða 87,1% meðalmæting á haustönn 2014 og 85,23% meðalmæting á vorönn 2015 hjá nemendum sem klára önnina. Gæðamarkmiðin eru 90% mæting. Brottfall á haustönn 2014 var 11,5% og á vorönn 2015 9,7% (þar af hættir í skóla 5,4%) en gæðamarkmiðin eru 9%. Þessu markmiði var því ekki náð. Ástæður brottfalls eru nú teknar saman fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti (MRN) sem gefur út skýrslu um brottfall í framhaldsskólum á Íslandi. VMA tekur þátt í brottfallsverkefni á vegum MRN og er lögð fram könnun á haustönn þar sem nýnemar eru spurðir um t.d. líðan og námsárangur. Með þessari könnun er hægt að skima út þá nemendur sem eru í brottfallshættu. Námsráðgjafar VMA halda utan um þessa könnun og eftirfylgni.

Kennsluáætlanir

Alls voru 291 kennsluáætlanir búnar til og dreift til nemenda í upphafi haustannar 2014 og 290 kennsluáætlanir búnar til og dreift til nemenda í upphafi vorannar 2015. Öllum kennsluáætlunum var skilað til áfangastjóra og settar á heimasíðu VMA.

Kennsluáætlanir í fjarnámi voru jafnframt settar inn á heimasíðu skólans. Frá haustinu 2015 gera kennarar námsáætlanir í stað kennsluáætlanna.

Framvindumat

Framvindumati brautar- og fagstjóra á vorönn 2015 var skilað 5. mars. GÁT-020 Framvindumat brautarstjóra/fagstjóra (niðurstöður) er notað. Gæðaráð tekur skýrslurnar fyrir innan ákveðins tíma. Úrvinnsla úr framvindumatinu fyrir vorönn 2015 fór fram 10. mars. Alls bárust 26 athugasemdir og gerðar voru 10 skýrslur.

Yfirlit yfir athugasemdir sem komu fram við framvindumat vorannar 2015 má sjá í skýrslu gæðastjóra.

Jafnframt má sjá athugasemdir sem komu fram við framvindumat haustannar 2014 í skýrslu gæðastjóra fyrir haustönn 2014.

Áfangaskýrslur vegna haustannar 2014

Kennarar skiluðu áfangaskýrslum um starf haustannar á sýnidegi prófa þann 17. desember 2014. Fjallað var um athugasemdir úr matinu á gæðaráðsfundi 13. janúar og úrbætur ákveðnar í framhaldi af því. Skýrslum um athugasemdir hefur verið dreift til þeirra sem fjalla eiga um þær. Alls voru gerðar 13 skýrslur. Yfirlit yfir athugasemdirnar sem komu fram í áfangaskýrslunum vegna haustannar 2014 má sjá í skýrslu gæðastjóra.

Áfangaskýrslur vegna vorannar 2015

Kennarar skiluðu áfangaskýrslum um starf vorannar á sýnidegi prófa þann 20. maí 2015. Fjallað var um athugasemdir úr matinu á gæðaráðsfundi þann 28. maí 2015 og úrbætur ákveðnar í framhaldi af því. Skýrslur um athugasemdir hafa verið sendar í tölvupósti til þeirra sem fjalla eiga um þær. Alls voru gerðar 13 skýrslur. Yfirlit yfir athugasemdirnar sem komu fram í áfangaskýrslunum vegna vorannar 2015 má sjá í skýrslu gæðastjóra.

Ábendingar og kvartanir

Á skólaárinu bárust 20 ábendingar og kvartanir til gæðastjóra án þess að þær færu í gegnum framvindumat eða áfangaskýrslur. Meðhöndlun 16 þeirra er lokið en fjögur mál voru enn í vinnslu í lok vorannar. Flestar þessara ábendinga og kvartana koma frá nemendum til gæðastjóra eða annarra stjórnenda og varða málefni nemenda og nám þeirra í skólanum.

Umbóta- og forvarnaverkefni

Haustönn 2014

Mikill tími og vinna fór í endurskoðun á skólanámskrá. Búið er að kynna og samþykkja reglur um námsmat í VMA sem á að gilda frá og með haustinu 2015. Þar er helsta breytingin sú að allir nemendur skólans koma til með að fá miðannarmat en ekki aðeins þeir sem eru undir 18 ára aldri. Annars mun námsmat vera fjölbreytt og taka mið af fjölbreyttum kennsluháttum, námsmarkmiðum og hæfni nemenda. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat og símat sem gefur nemendum uppbyggilega og hvetjandi leiðsögn og metur vinnuframlag nemenda jafnt og þétt yfir önnina.

Ráðinn var verkefnastjóri til að vinna að skólanámskrá skólans. Í þeirri vinnu voru notuð gögn sem áður hafði verið aflað með virkri þátttöku starfsfólks. Úr gögnunum varð til skólabragur, lokamarkmið náms við skólann, hlutverk hans og námsmat. Áðurnefndir þættir ásamt grunnþáttum og lykilhæfni sem aðalnámskrá byggir á eru grunnur að brautar- og áfangalýsingum skólans. Brautirnar voru skipulagðar með kröfur aðalnámskrár til hliðsjónar ásamt aðgangsviðmiðum háskólanna. Allir kennarar skólans komu að vinnunni með einum eða öðrum hætti. Vinnan var kynnt á kennarafundum, öll gögn aðgengileg og kennurum gefinn kostur á að segja sitt um vinnuna.

Ný námskrá býður upp á meiri sveigjanleika en áður og skólarnir fá þar tækifæri til að marka sér sérstöðu. Íslenskudeild VMA sá sér þá leik á borði að stokka upp íslenskunámið með það að markmiði að auka val nemenda. Niðurstaðan varð sú að áfangar á 3. þrepi verða valfrjálssir og geta nemendur valið á milli fjögurra mismunandi áfanga á hvorri önn. Hugmyndin er sú að láta, a.m.k. suma, áfangana rúlla t.d. annað hvert ár en að allir áfangar næsta skólaárs liggi fyrir að vori svo að nemendur geti skipulagt sig fram í tímann. Með þessu móti fá nemendur tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt, sem er í samræmi við áherslur skólans (skólabraginn), og það skilar sér vonandi í auknum metnaði og áhuga nemenda. Áhersla er lögð á fjölbreytt framboð áfanga, sem dæmi má nefna skapandi skrif, þjóðfræði, barnabókmenntir, kvikmyndafræði og félagsleg málvísindi.

Til þess að hægt væri að fara þessa leið þurfti deildin jafnframt að endurskoða áfanga á 2. þrepi, bæði til þess að leggja grunn að 3. þreps áföngunum og uppfylla hæfniramma aðalnámskrár framhaldsskóla. Á 2. þrepi verða því tveir skylduáfangar. Annar snýr að málnotkun og ritun en hinn tekur fyrir strauma og stefnur í bókmenntafræði. Vinna við áfangalýsingar hófst svo í lok árs 2014.

gæðakerfi skólans.

Vorönn 2015

Mikill tími kennara og stjórnenda fór í endurskoðun á skólanámskrá. Á öðrum fræðsludegi vorsins unnu kennarar í nýjum námsáætlunum og lagfærðu námsmat eftir reglum skólans sem eiga að gilda frá og með haustinu 2015. Þar er helsta breytingin sú að allir nemendur skólans koma til með að fá miðannarmat en ekki aðeins þeir sem eru undir 18 ára aldri. Annars mun námsmat vera fjölbreytt og taka mið af fjölbreyttum kennsluháttum, námsmarkmiðum og hæfni nemenda. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat og símat sem gefur nemendum uppbyggilega og hvetjandi leiðsögn og metur vinnuframlag nemenda jafnt og þétt yfir önnina.

Frá og með næstu áramótum verða breytingar á ISO 9001 staðlinum og á haustönn verða kynningar á þessum breytingum. Nauðsynlegt er laga gæðakerfi skólans að þessum breytingum og innleiða þarf samhliða breytingar á skólanámskránni. Hafa þarf að leiðarljósi að létta gæðakerfið þannig að það taki ekki of mikinn tíma frá kennurum og stjórnendum án þess að skerða þau gæði sem skólinn stendur fyrir. Nauðsynlegt er að halda áfram með innleiðingu fjarnáms inn í gæðakerfi skólans.

Þar sem matsáætlun skólans er hluti af gæðahandbók leggjum við hér fram skýrslu (á vef) gæðastjóra fyrir [haustönn 2014 og vorönn 2015](#). Jafnframt fylgir með *áætlun um innra mat* til þess að sýna að skipulega er unnið að sjálfsmati í VMA.

Skýrsluna tók saman Sigríður Huld Jónsdóttir aðstoðarskólameistari.

Akureyri 12. október 2015

Hjalti Jón Sveinsson
Skólameistari

Fylgiskjöl.

- Skýrsla gæðastjóra fyrir [haustönn 2014](#) sem inniheldur m.a. kennslukönnun frá haustönn 2014. Bendi sérstaklega á gæðamarkmið skólans og mat á þeim. Vísað til heimasíðu.
- Skýrsla gæðastjóra fyrir [vorönn 2015](#) sem inniheldur m.a. kennslukönnun frá vorönn 2015. Vísað til heimasíðu.
- Áætlun um innra mat í VMA 2015-2017.
- [Könnun í NSK](#) frá haustönn 2014. Vísað til heimasíðu.

Á heimasíðu VMA má sjá kennslukönnun frá haustönn 2014 og vorönn 2015
<http://www.vma.is/is/skolinn/innra-og-ytra-mat/afanga-og-kennslumat>

Gæðahandbók VMA er á heimasíðu skólans
(<http://www.vma.is/is/skolinn/gaedahandbok>)